


4.–7. MAÍ 2021

BARNAMENNINGAR- HÁTÍÐ Í GARÐABÆ



Dagana 4.–7. maí fer fram Barnamenningarhátíð í Garðabæ. Börn í grunnskólum Garðabæjar skapa, dansa og uppgötva í dagskrá sem fer fram í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar og á yfirbyggðum torgum Garðatorgs. Sýningarnar *Hverafuglar á bjargi* á Garðatorgi og *Kílómeter upp í himininn* á Bókasafni Garðabæjar eru einnig liður í Barnamenningarhátíð í Garðabæ.

KÍLÓMETER UPP Í HIMININN

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

Elstu nemendur leikskólanna Krakkakots og Bæjarbóls unnu ljóð um fugla á spuna-smiðjum á bókasafninu með Höllu Margréti Jóhannesdóttur leikara og ljóðskáldi. Börnin myndskreyttu ljóð sín í skólanum og sýningin *Kílómeter upp í himininn* er þeirra framlag til Barnamenningarhátíðar í Garðabæ.

